**Nefn um skólahúsnæði Kerhólsskóla**

**Fundargerð.**

7. fundur nefndar um skólahúsnæði Kerhólsskóla var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, fimmtudaginn 11. desember 2025 kl. 14:00.

**Fundinn sóttu:**

Pétur Thomsen, formaður nefndarinnar og fulltrúi skólanefndar.

Sigrún Hreiðarsdóttir skólastjóri.

Sigríður Þorbjörnsdóttir, fulltrúi Kerhólsskóla.

~~Örvar Bjarnason, fulltrúi foreldrafélagsins.~~ Fjarverandi

Smári Bergmann Kolbeinsson, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður framkvæmda- og veitunefndar.

**Starfsmenn nefndarinnar:**

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður framkvæmda og veitna.

Steinar Sigurjónsson, deildarstjóri framkvæmda, mannvirkja og umhverfis.

**Ráðgjafar:**

Anne Bruun Hansen, Efla

María Björk Gunnarsdóttir, Efla

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnar Guðmundsson.

1. Fulltrúar frá Eflu verkfræðistofu fóru yfir greiningu á húsnæðisþörf Kerhólsskóla, samanburð við aðra skóla og skipulag við þarfagreiningu.
    a. Töluvert pláss er í skólanum en nýta þarf rýmið betur.
    b. Fara þarf betur yfir það hvernig rými eru nýtt í dag en það er töluvert öðruvísi en teikningar sýna. Nefndarmenn munu fara yfir teikningar og setja inn þær breytingar sem gerðar hafa verið og setja inn á þær hvernig rýmin eru nýtt í dag.
    c. Ráðgjafar frá Eflu þurfa að koma í sérstaka heimsókn að yfirfara rýmin.
    d. Sýnd var tímaáætlun vegna teikninga og breytinga en stefnan er að fara í breytingar sumar 2026.
2. Steinar og Ragnar kynntu tillögur fyrir nefndinni að breytingum á rýmum. Teikningar verða sendar á nefndarmenn og ráðgjafa í pdf og dwg formi.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 15:10